

Umsókn um styrk frá lista- og menningarsjóði Kópavogs

Ef sá sem skráði sig inn ætlar ekki að vera umsækjandinn, heldur ætlar að senda inn umsókn í nafni félags / hóps / kórs e.þ.h.,hakið þá við JÁ.Við það hreinsast út upplýsingar um þann innskráða í kaflanum hér að neðan og í staðinn er skráð nafn, kennitala og aðrar upplýsingar varðandi hinn raunverulega umsækjanda (félagsskapinn).Þessi aðferð er notuð ef félag / hópur / kór hefur ekki rafrænt skilríki í síma eða Íslykil, á sinni kennitölu, til að skrá sig inn með.

Já = verið er að sækja um fyrir þriðja aðila (félag/ hóp/ kór eða einstakling)

☒

Umsækjandi

Nafn	Kennitala
Félag íslenskra píanóleikara	4912240880
Lögheimili	Póstnúmer
Skólagerði 7	200 Kópavogur
Símanúmer	Tölvupóstur
8466591	peter@lhi.is
Styrkupphæð sem sótt er um	
1.500.000	

Skráið hér hver er forsvarsmaður félags / hóps / kórs

Nafn	Kennitala
Peter Máté	0406622519
Símanúmer	Tölvupóstur
8466591	peter@lhi.is

Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08.2026

Tílefni og tilgangur umsóknar

Skrifið stutta greinargerð sem má birtast opinberlega

Stofnun fyrstu alþjóðlegu píanókeppninnar á Íslandi - WPTA Iceland IPC 2025 í Salnum í samstarfi við Kóp., Salinn, Tónlistarsk. Kóp og Listaháskólann.

Hvernig tengist viðburðurinn menningarstefnu Kópavogs?

Viðburðurinn tengist menningarstefnu Kópavogs mjög vel þar sem alþjóðleg píanókeppni og tónlistarhátíð mun færa bæjarbúum og öðrum menningarupplifun eins og hún gerist best í samstarfi við innlenda og alþjóðlega listamenn (úr stefnu stjórnslusviðs). Einnig mun viðburðurinn vera aðgengilegur öllum bæjarbúum og leggja áherslu á opnunartíma Salarins sem kemur til móts við íbúa þar sem píanókeppnin verður opin almenningi án endurgjalds (stefnuáherslu 1 og 2.5). Í samræmi við stefnuáherslu 1.6 leggur píanókeppnin megináherslu á að veita börnum og ungmennum tækifæri til listsköpunar og miðlunar tónlistar. Í samræmi við markmið 1.1 mun píanókeppnin skapa frjóan og eftirsóknarverðan vettvang fyrir listamenn og aðra sem starfa við menningu og listir, boðið verður upp á viðburði sem byggja á faglegum grunni (2), alþjóðlegt samstarf á sviði menningar og list og samstarf við stofnanir á innlendum sem alþjóðlegum vettvangi (2.2, 3.2) þar sem alþjóðlegir dómarar og erlendir ungir keppendur verða mikilvægur hluti þeirra listamanna sem taka munu þátt í þessum einstaka listviðburði í Salnum. Að auki er mikilvægt að geta þess að fyrirhugað alþjóðlegt samstarf við menningarstofnanir og menntastofnanir vinabæja Kópavogs s.s. Óðinsvé, Tampere, Nordköping og Trondheim mun efla tengsl og auka breiða skírskotun píanókeppninnar þar sem leitast verður við að kynna viðburðinn sérstaklega.

Þjónar viðburðurinn ákveðnu hverfi? Ef já, hvaða hverfi?

Nei viðburðurinn þjónar ekki ákveðnu hverfi heldur öllu fremur íbúum Kópavogsbæjar, íbúum höfuðborgarsvæðisins og alþjóðlegum hópi ungra píanónemenda og píanóleikara ásamt fræðistarfi/masterklössum á sviði píanóleiks og píanókennslu.

Þjónar viðburðurinn ákveðnum markhópi. Ef já, hvaða markhópi?

Viðburðurinn þjónar mjög víðum markhópi þar sem hann hefur breiða skírskotun til tónlistarunnenda á öllum aldri úr öllum hópum samfélagsins, tónlistarnemenda á grunn-, mið-, framhalds- og háskólastigi, tónlistarkennara, listamanna og listunnenda.

Hvernig hyggst þú kynna og auglýsa viðburðinn.

Viðburðurinn WPTA alþjóðleg píanókeppni og tónlistarhátíð í Salnum sem fyrirhugað er að halda árlega verður kynntur innanlands á vef og samfélagsmiðlum Listaháskólans, Salarins og Tónlistarskóla Kópavogs. Erlendis verður viðburðurinn kynntur á vef WPTA IPC (World Piano Teachers Association International Piano Competitions) sem er alþjóðlegt samstarfsnet fagaðila á sviði píanóleiks, píanókeppna og píanókennslu. Félag íslenskra píanóleikara er stofnaðili WPTA Iceland og eru stjórnarmeðlimir með WPTA dómaravottun. Þar sem um einstakan alþjóðlegan viðburð er að ræða í tónlistarlífi landsins munu stjórnarmeðlimir í samstarfi við kynningarfulltrúa LHÍ og Salinn kynna viðburðinn í fjölmiðlum og í prentuðu efni.

Lýsing á verkefninu sem sótt er um styrk til

Umsækjendur verða að sýna fram á gildi þess verkefnis sem sótt er um og getu til að hrinda verkefninu í framkvæmd

Stjórn Félags íslenskra píanóleikara hyggst stofna fyrstu alþjóðlegu píanókeppnina hérlandis 11. - 17. ágúst 2025 undir merkjum WPTA Iceland IPC (International Piano Competition) í samstarfi við Listaháskólann, Salinn og Tónlistarskóla Kópavogs þar sem framúrskarandi innlendum og erlendum píanónefum gefst tækifæri til að leika fyrir alþjóðlega dómnefnd í keppni og masterklössum ásamt því að kynna landi og þjóð. Erlendir og innlendir listamenn munu jafnframt halda tónleika í Salnum sem hluti af tónlistarhátíðinni. Stefnt er að því að þessi einstaki menningarviðburður verði haldinn árlega. Í samræmi við menningarstefnu Kópavogsbæjar er ljóst að verkefnið mun hafa mikið vægi í flóru alþjóðlegs menningarsamstarfs Kópavogsbæjar, breiða skírskotun til tónlistarunnenda á öllum aldri úr öllum hópum samfélagsins og veita börnum og ungmennum tækifæri til listsköpunar og miðlunar tónlistar. Erlendis verður viðburðurinn kynntur á vef WPTA IPC (World Piano Teachers Association International Piano Competitions) <https://www.wpta.info/> sem er alþjóðlegt samstarfsnet fagaðila á sviði píanóleiks, píanókeppna og píanókennslu. Félag íslenskra píanóleikara er stofnaðili WPTA Iceland <https://www.wpta.info/iceland/> og eru stjórnarmeðlimir með WPTA dómaravottun. Þar sem um einstakan alþjóðlegan viðburð er að ræða í tónlistarlífi landsins, hinn fyrsta sinnar tegundar, má gera ráð fyrir að píanókeppnin og tónlistarhátíðin í Salnum færi bæjarbúum og öðrum listunnendum menningarupplifun í einum fullkomnasta tónleikasal landsins. Gert er ráð fyrir að píanókeppnin og masterklassar alþjóðlegra prófessora verði opin almenningi án endurgjalds alla dagana frá kl. 9:00-17:00. Spennandi tónleikar innlendra og erlendra listamanna verða jafnframt á dagskrá alla vikuna þar sem aðgöngumiðasala fer fram á vegum Salarins. Í stjórn Félags íslenskra píanóleikara sitja reyndustu píanóleikarar og kennarar landsins sem hafa áratugalanga reynslu af skipulagningu listviðburða og aðkomu að hliðstæðum erlendum og innlendum keppnum ss. ungir einleikarar, EPTA og setu í dómnefndum ásamt þjálfun verðlaunahafa í tónlistarkeppnum. Það er því fagnaðarefni að forsvaraðilar Salarins, Tónlistarskóla Kópavogs og LHÍ hafi tekið höndum saman um að veita þessum menningarviðburði brautargengi. Nú er leitað til Kópavogsbæjar um fjárstuðning til að blása byr í seglin til að hægt sé að hefja undirbúning. Alþjóðlegar píanókeppnir gefa ungum og efnilegum tónlistarnemum frábær tækifæri til að sinna list sinni í alþjóðlegu samhengi, þ.e. meðal erlendra jafnaldrar og að fá styðjandi endurgjöf frá alþjóðlegum dómurum til hvatningar námi sínu. Slík tækifæri hafa ekki verið í boði á Íslandi, þess vegna ýtir Félag íslenskra píanóleikara þessu metnaðarfulla verkefni úr vör í Salnum í Kópavogi.

Áætluð verkefni á árinu, heiti og staðsetning

Tilgreinið eigin fjármögnun og styrki eða framlög frá öðrum ef um slíkt er að ræða og leggið fram gögn því til staðfestingar

- Lýsing á verkefninu sem sótt er um styrk til
- Gildi verkefnisins og getu til að hrinda því í framkvæmd
- Eigin fjármögnun og upplýsingar um styrki eða framlög frá öðrum ef um slíkt er að ræða og leggja fram gögn því til staðfestingar
- Kostnaðaráætlun
- Aðrar upplýsingar sem umsækjandi vill taka fram

gögn 1

WPTA IPC 2025 framkvæmdaa_ætlun 300325.pdf

gögn 2

WPTA Iceland IPC 2025 uppfærð 300325 fja_rhagsa_ætlun.pdf

gögn 3

WPTA Iceland info.pdf

gögn 4

gögn 5

Staðfesting umsóknar

- ☒ Ég staðfesti hér með að allar upplýsingar sem ég veiti í sambandi við þessa umsókn eru réttar og gefnar eftir bestu vitund.

Hver einstaklingur / félag / hópur / kór e.p.h. sem hlýtur styrk, þarf að senda greinargerð á menning@kopavogur.is fyrir árslok þar sem fram koma upplýsingar um árangur verkefnisins eða starfsins og hvernig styrknum hefur verið ráðstafað.

Um umsóknina

Staðfestingarnúmer: 109520 **Staðfestingarmáti:** Rafræn skilríki í farsíma **Dagsetning:** 30.3.2025 20:19:39

Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08.2026